

**212. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 22. mars 2023 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Elsa Lára Arnardóttir varaáheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2211228 - KFÍA - málefni**

Ósk KFÍA um sumarstarfsmenn.  
Eggert Herbertsson situr fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Eggerti fyrir komuna og felur sviðsstjóra að vinna málið áfram og leggja fyrir bæjarráð.*

Eggert vikur af fundi

**2. 2209221 - Endurskipulagning Vinnuskólans**

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri kynna nýjar handbækur Vinnuskólans í kjölfar endurskipulags.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu og Jóni fyrir vandaða vinnu í tengslum við endurskipulag og góða kynningu. Ráðið fagnar því að Vinnuskólinn sé núna samstarfsverkefni mennta- og menningarsviðs og skipulags- og umhverfissviðs en unnið hefur verið að því í þó nokkurn tíma.*

Heiðrún og Jón víkja af fundi.

**3. 2303163 - Kirkjuhvoll - ósk um nýtingu á húsnæði**

Erindi frá Arnbjörgu Stefánsdóttur skólastjóra Brekkubæjarskóla um nýtingu á Kirkjuhvoli fyrir listgreinakennslu skólaárið 2023-2024. Elsa Lára Arnardóttir aðstoðarskólastjóri fylgir málinu eftir.

*Skóla- og frístundaráð tekur jákvætt í erindið og vísar málinu til bæjarráðs.*

Elsa Lára vikur af fundi.

**4. 2303162 - Fundir um úthlutun og ráðstöfun fjármuna fyrir alla í grunnskóla**

Sviðsstjóri upplýsir ráðið um efni fundarins sem haldinn var í Hjálmakletti í Borgarnesi 20.marr.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. 2303064 - Samstarf um innleiðingu farsældarlaga**

Samstarfssamningur mennta- og barnamálaráðuneytis og Akraneskaupstaðar.

Akraneskaupstaður óskaði eftir frekari fjárveitingu vegna innleiðingar farsældarlaga í ljósi þess hlutverks sem sveitarfélagið hefur tekið að sér sem frumkvöðlasveitarfélag. Mennta- og barnamálaráðuneyti samþykkti beiðnina og sendi fyrirbyggjandi samning sem hefur verið undirritaður og samþykktur af báðum aðilum.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. 2302087 - Starf verkefnastjóra farsældar**

Þann 30. september nk. rennur út tímabundinn ráðningarsamningur verkefnastjóra innleiðingar farsældarþjónustu og barnvæns samfélags. Akraneskaupstaður er leiðandi sveitarfélag á landinu í innleiðingu laganna og fyrirmynd annarra sveitarfélaga í nálgun og verklagi. Innleiðingarfasi laganna spannar 3-5 ár og hefur verkefnastjóri leitt verkefnið áfram af fagmennsku og útsjónasemi sem eftir er tekið.

*Skóla- og frístundaráð telur grunnforsendu þess að halda áfram metnaðarfullri og árangursríkri innleiðingu; laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og verkefnisins barnvænt sveitarfélag að tryggja áfram stöðu verkefnastjóra farsældar. Í næsta fasa innleiðingarinnar verður horft til þess að samþætta enn frekar farsældarþjónustu við börn 0-18 ára og fjölskyldur þeirra í stjórnsýslu Akraneskaupstaðar. Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að samþykkja áframhaldandi starf verkefnastjóra farsældar og vísar málinu til bæjarráðs.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir  
Eindri Brandsson  
Sviðsátt  
Dagný Haukesdóttir

245